Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar – 6. nóvember 2026

Kortlagning efstu fjörumarka á Íslandi

Hreggviður Norðdahl og Lovísa Ásbjörnsdóttir, Háskóli Íslands og Náttúrufræðistofnun

Styrkur fékkst úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar til að kortleggja forn fjörumörk á Íslandi. Verkefnið er tilkomið vegna þarfar á heildstæðu yfirliti og samræmdri kortlagningu þessara fornu landforma og jarðmyndunum þeim tengdum. Þau gefa greinargóðar upplýsingar um legu efstu fjörumarka og þar með legu sjávarborðs á síðjökultíma, fyrir um 15 til 11 000 árum síðan. Á síðustu tímum hefur ásókn aukist í þessar jarðmyndanir til efnistöku þar sem efnið er aðgreint og frostfrítt og því hentugt til margskonar mannvirkjagerðar. Af þeim sökum hefur mikið af fornum fjörumyndunum eyðst eða þeim verið verulega og varanlega raskað. Því þótti einnig brýnt að hluti verkefnisins fjallaði um mat á verndargildi þeirra fornu fjörumarka, sem vegna vísinda- og fræðslugildis, samfellu og formfegurðar, skyldu varðveittar.

Forn fjörumörk, sem í dag eru fundin á hæðarbili frá um 20 til 150 m yfir sjó, eru ummerki um samspil vaxandi hæðar yfirborðs heimshafanna og legu íslensku jarðskorpunnar í lok síðasta jökulskeiðs, fyrir 15 000 til 11 000 árum síðan. Á þessum tíma hækkaði yfirborð hafanna í takt við leysingu meginjökla síðasta jökulskeiðs samhliða því að jarðskorpan ýmist seig undan vaxandi jökulfargi og sjór gekk á land í áflæði sjávar, eða hún reis vegna minnkandi jökulfargs og sjór féll af landinu í afflæði sjávar. Stundum varð jafnvægi á milli hækkandi yfirborðs hafanna og legu jarðskorpunnar og þá mynduðust skýr fjörumörk, sem við í dag finnum nánast hringinn í kringum landið á ofangreindu hæðarbili.

Í tengslum við verkefnið hefur verið safnað saman rituðum heimildum, vísindagreinum og kortum varðandi forn fjörumörk á Íslandi. Kort og GPS mælingar, sem hafa verið birtar í vísindagreinum eru fluttar inn í landupplýsingakerfið. Í gagnagrunn landupplýsinga eru skráðar upplýsingar um landform, hæð yfir sjó, heimildir, verndargildi og rask. Vettvangsferðir, sem eru mikilvægur hluti verkefnisins, voru notaðar til að kortleggja fjörumörk og til að meta verndargildi þeirra, sérstaklega á þeim svæðum þar sem litlar eða takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar. Styrkur úr Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar gerði kleift að farnar voru nokkrar vettfangsferðir á árunum 2024 og 2025 til að afla frekari upplýsinga um fjörumörk á Íslandi.